

Reykjavík 10. desember 2007

Ellý Katrín Guðmundsdóttir
Umhverfisstofnun

Vinnuhópur um akstur vélhjóna á Íslandi hefur starfað frá vormánuðum 2006 við öflun gagna og mat á stöðu vélhjónaaksturs á Íslandi. Að vinnunni hafa komið undirritaðir fulltrúar frá Umhverfisnefnd Mótorhjóna- og snjósleðasambands Íslands (U-MSÍ), Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga, Landvernd, Vegagerðinni og Umhverfisstofnun. Formaður vinnuhópsins hefur verið fulltrúi Umhverfisstofnunar.

Nú liggur fyrir meðfylgjandi skýrsla sem gerir grein fyrir núverandi stöðu mála og lýsir umhverfi og aðstöðu vélhjónafólks hér á landi en markmið starfsins var að sporna við utanvegaakstri vélhjóna. Fulltrúar vélhjónamanna hafa borið hitann og þungann af ritun skýrslunnar. Allir textar sem fram koma í skýrslunni voru engu að síður bornir undir alla þáttakendur í starfshópnum og athugasemdir bæði við tillögur og stöðumat teknar til greina. Bæði efni og tillögur tók talsverðum breytingum í því ferli

Það skal tekið sérstaklega fram að þær hugmyndir og tillögur að úrbótum í þessum málaflokki, sem fram koma í skýrslunni, eru komnar frá fulltrúum U-MSÍ og ber að skoða sem slíkar en ekki frá öðrum fulltrúum í vinnuhópnum.

Vinnuhópurinn leggur til að haldið verði áfram með þá vinnu sem þegar er lokið með gerð þessarar skýrslu enda í raun áfangi á lengri vegferð. Telur vinnuhópurinn mikilvægt að Umhverfisstofnun komi þessum niðurstöðum áleiðis til umhverfisráðuneytisins ásamt tillögu hópsins um að skipaður verði starfshópur sem falið verði það verkefni að skoða þá möguleika sem nú eru í stöðunni er varðar sértækar lausnir og úrbætur svo og að nýr starfshópur dragi að borðinu þá aðila sem hafa ríka hagsmuni af akstri vélhjóna í náttúru Íslands. Að mati vinnuhópsins er mikilvægt að samgönguráðuneytið og undirstofnanir þess taki þátt í slíkum vinnuhóp.

F.h. vinnuhópsins

Hjalti J. Guðmundsson,
Umhverfisstofnun

Aðrir nefndarmenn,
Eymundur Runólfsson, Vegagerðin
Jana Friðfinnsdóttir, Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga
Bergur Sigurðsson, Landvernd
Einar Sverrisson, Gunnar bjarnason, Jakob Þór Guðbjartsson, Leópolð Sveinsson og Ólafur H. Guðgeirsson, Umhverfisnefnd Mótorhjóna- og snjósleðasamband Íslands.